

Föstudaginn 3. febrúar 1967.

Nr. 13/1967. **Valdstjórnin**

gegn
Z.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Úrskurð héraðsdóms hefur upp kveðið Haraldur Henryrson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. janúar 1967, sem barst dóminum 25. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Athugasemdir um málsefni hafa ekki borizt frá öðrum aðiljum, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 82/1961.

Varnaraðilja er gefin að sök háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XXI. og XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ákvæðum laga nr. 53/1966 um vernd barna og unglinga. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 268. gr. laga nr. 19/1940, fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1., 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961. Þá eru og sakarefni slík, að fyllsta ástæða er til rannsóknar á geðheilsu varnaraðilja, sbr. 2. tl., d-lið, 75. gr. laga nr. 82/1961.

Með skírskotun til þess, sem nú var rakið, og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 23. janúar 1967.

Í dag kom fyrir kvenlögregluna í Reykjavík að tilhlutan fulltrúa barnaverndarnefndar í Kópavogi X, fædd 1950, til heimilis . . . , Kópavogi, og skýrði hún svo frá, að s.l. laugardag, 21. janúar,

hefði faðir hennar, Z, komið inn í herbergi hennar og sagzt vilja tala við hana. Hafi hann sagt, að hann vildi eiga við hana samfarir, en því hafi hún neitað og farið út. Í gærkvöldi, sunnudagskvöld, er yngri börnin hafi verið háttuð, hafi faðir hennar komið aftur til hennar og sagt m. a., að hún ætti að vera við hann eins og konan hans. Áður en hann hafi farið, hafi hann sagt, að hann ætlaði ekki að svívirða hana, í þriðja skipti ætti hún að koma sjálf.

Stúlkan var kvödd fyrir sakadóm nú í kvöld og staðfesti þar fyrri skýrslu sína. Skýrði hún og svo frá, að faðir hennar hefði sagt, að nú væri hún kona hans og ætti að vera við hann eins og hún væri það. Hún kvaðst og hafa orðið hrædd við þau orð hans, að hún ætti að koma til hans í þriðja skiptið og skilið þau sem hótun. Hún sagði, að faðir hennar hefði aldrei áður viðhaft slík orð við hana sem í þetta skipti og hafi athæfi hans gagnvart sér undanfarið ekki verið neitt einkennilegt framar venju, en hann hafi ætíð verið fáskiptinn gagnvart henni. Móður sína kvað hún hafa verið á sjúkrahúsi í u. þ. b. rúma viku og hafi hún ásamt systur sinni, 15 ára, séð um heimilið að mestu. Faðir þeirra hafi yfirleitt verið heima, en skipt sér lítið af þeim. Hún sagði aðspurð, að er umrædd samtöl þeirra hafi átt sér stað, hafi faðir hennar ekki snert hana né reynt að snerta hana né haft neina tilburði til að beita hana líkamlegu ofbeldi. Ekki kveður hún hann hafa reynt að komast aftur inn til hennar á sunnudagskvöldið, eftir að hún læsti að sér, og hafi hún ekkert rætt við hann eftir það.

Auk fyrrnefndrar systur 15 ára kvað vitnið hin systkinin vera 10, 8 og 6 ára og séu þau tvö síðastnefndu stúlkur.

Klukkan rúmlega 2300 kom fyrir sakadóminn kærði, Z, fæddur ... 1925 á Akureyri. Hann kvaðst ekki vilja skýra nákvæmlega frá samræðum sínum og dóttur sinnar, en kvaðst hafa rætt við hana um kynferðismál. Hann lýsti því yfir, að hann teldi það ekki ósiðsamlegt né rangt að eiga kynmök við eigin börn, ef þau hefðu náð tilskyldum aldri, þ. e. 16 ára, og ef samþykki væri fyrir hendi. Áliti hann, að hver maður hefði rétt til að ræða slíkt við dóttur sína án þess að eiga það á hættu að vera kærður og megi faðir biðja dóttur sína að kvænast sér, ef hann elski hana. Kvaðst hann hafa rætt við dóttur sína í þessum dúr og eigi hann á því fullan rétt að ræða þannig við hana án þess að þurfa að skýra nákvæmlega frá því opinberlega. Kvað hann samræður þeirra um þessi mál hafa tvisvar farið fram, í gærkvöldi og einu sinni áður, nýlega. Vildi hann ekki svara því beint,

hvort hann hefði sagt við dóttur sína, að nú væri hún kona hans og ætti að vera við hann sem slík. Væri það hans einkamál, hverja stúlku hann bæði sér sem konu, jafnvel þótt um dóttur sína væri að ræða.

Hann kvað skilnaðarmál standa yfir milli sín og konu sinnar, en úrskurður um skilnað að borði og sæng ekki fenginn.

Hann taldi skýrslu dóttur sinnar villandi. Hann hafi ekki krafizt neins af henni.

Þá kom einnig fyrir dóminn sem vitni Guðni Jónsson, fulltrúi barnaverndarnefndar Kópavogs, og lýsti þeirri skoðun sinni og meðlima barnaverndarnefndar, að eigi væri vogandi, að kærði væri á heimili sínu áfram með börnunum. Hann kvað barnaverndarnefnd hafa fyrir tveimur árum haft afskipti af heimili kærða vegna ofstopa hans gagnvart konu og börnum og skömmu síðar hafi hann sjálfviljugur farið á Kleppsspítalann til læknis-meðferðar.

Þegar á það er litið, sem hér hefur verið rakið, eiðfestan framburð dóttur kærða og hans eigin framburð, sem bendir eindregið til, að það sé skoðun hans, að á engan hátt sé ámælisvert að fremja þennan verknað, er dóttir hans hugði hann vilja fremja, svo og með tilliti til álits fulltrúa barnaverndarnefndar og framlagðs vottorðs Kjartans Jóhannssonar læknis, þykir nauðsyn bera til að útiloka kærða frá samvistum við börn sín og úrskurða hann í gæzluvarðhald í allt að 3 vikur með tilvísun til 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála. Þá þykir og þurfa með tilvísun til ofanritaðs að úrskurða kærða til að sæta geðrannsókn á gæzluvarðhaldstímanum.

Því úrskurðast:

Kærði, Z, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 3 vikur og gangi jafnframt undir geðrannsókn innan marka gæzluvarðhaldstímans.
